



Forspil
Ísland er land þitt
Magnús Þór Sigmundsson

Bæn

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
∴ Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir mig mun ekkert bresta.∴
Margrét Scheving / 23. Davíðssálmur

Ritningarlestur

Snert hörpu mína himinborna dís,
svo hlusti englar Guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýtt að geta sungið í þá líf.



Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjaþyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar Guðs í Paradís.
Atli Heimir Sveinsson / Davíð Stefánsson

Ritningarlestur

Þegar sólin er sigin að viði
loga sundin í kvöldroðaglóð,
bárur vagga í vornætur friði
syngja vinhlý og töfrandi ljóð.
En á voginum báturinn bundinn
okkar bíður við fjörunnar hlein
er við skundum á fagnaðarfundinn
til að ferðast á hafinu ein.
Haf, blikandi haf
hreint ljómar þitt traf.
Vaggaðu fleyi um vorbjarta nótt.
Haf, blikandi haf.
Ítalskt þjóðlag / Friðjón Þórðarson

Guðspjall

Einsöngur
Stolt siglir fleyið mitt
Gylfi Ægisson



Minningarorð

Einsöngur
Minn bátur
Björn Eidsvåg / Halldór Hallgrímsson

Bæn og Faðir vor

Þar sem englarnir syngja sefur þú sefur í djúpinu vera. Við hin sem lifum, lifum í trú að ljósið bjarta skæra veki þig með sól að morgni.	Drottinn minn réttu sorgmæddri sál svala líknarhönd. Og slökk þú hjartans harmabál slit sundur dauðans bönd. svo vaknar hann með sól að morgni.
Drottinn minn faðir lífsins ljóss lát náð þína skína svo blíða. Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós tak burt minn myrka kvíða. þú vekur hann með sól að morgni.	Farðu í friði vinur minn kær faðirinn mun þig geyma. Um aldur og ævi þú verður mér nær aldrei ég skal þér gleyma. Svo vöknun við með sól að morgni. <i>Bubbi Mortens</i>
Faðir minn láttu lífsins sól lýsa upp sorgmætt hjarta. Hjá þér ég finn frið og skjól. Láttu svo ljósið þitt bjarta vekja hann með sól að morgni.	



Moldun

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.

Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

P. C. Krossing
Foersom / Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

P. C. Krossing
Matthías Jochumsson

Blessun

Eftirspil

You never walk alone
Richard Rodgers & Oscar Hammerstein II



Séra Ólöf Margrét Snorradóttir jarðsyngur
Organisti: Viðar Guðmundsson
Einsöngur og gítar: Halldór Benjamín Hallgrímsson
Bassi: Ingpór Bergmann Þórhallsson
Kór: Kammerkór Akraneskirku
Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

*Aðstandendur þakka samúð og hlýhug
og bjóða til veitinga í Vinaminni að athöfn lokinni*

Jarðsett verður í Akraneskirkujugarði að bálför lokinni



Reynir Magnússon

Fæddur 4. september 1937

Dáinn 9. janúar 2026



Útför frá Akraneskirku
þriðjudaginn 20. janúar 2026